

Guðrún E Gunnarsdóttir

From: Sveitarstjóri Flóahrepps
Sent: 27. apríl 2018 11:51
To: Guðrún E Gunnarsdóttir
Subject: FW: Strandhreinsun 5. maí - verkefni 1

SF_201

From: Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir <gudrun@nyheimar.is>
Sent: 27. apríl 2018 10:22
To: posturtiljonu@gmail.com; sveitarstjori@klaustur.is; bryndis@hornafjordur.is; bjorningi@hornafjordur.is; jon@fludir.is; Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>; sveitarstjori@vik.is; asta@arborg.is; audurg@arborg.is; nanna@asahreppur.is; Valtýr Valtýsson <valtyr@blaskogabyggd.is>; agnesg@simnet.is; Ingibjörg Harðardóttir | Sveitarstjóri GOGG <gogg@gogg.is>; Hörður Óli Guðmundsson <hordur@gogg.is>; Höskuldur Þorbjarnarson <hoskuldur@hveragerdi.is>; Aldís Hafsteinsdóttir <aldis@hveragerdi.is>; agust@ry.is; hjaltit@simnet.is; Ísólfr Gylfi Pálmason <isolfr@hvolsvollur.is>; kristofer@skeidgnup.is; annaflyg@gmail.com; Gunnsteinn R. Ómarsson <gunnsteinn@olfus.is>; Davíð Halldórsson <david@olfus.is>; ellidi@vestmannaeyjar.is; joi@vestmannaeyjar.is
Cc: Þórdís Erla Ólafsdóttir <disa@vik.is>; Þórður Freyr Sigurðsson <thordur@sass.is>; Guðlaug HFSU <gudlaug@hfsu.is>; Ingunn Jónsdóttir <ingunn@hfsu.is>; Hrafnkell Guðnason <hrafnkell@hfsu.is>; Hrafn Sævaldsson <hrafn@setur.is>
Subject: Strandhreinsun 5. maí - verkefni 1

Góðan dag

Þá styttist óðum í að Umhverfis-Suðurland verði sett formlega af stað og er nú þegar komin vísir að útliti og mikið af hugmyndum um hvað Sunnlendingar geta lagt af mörkum til umhverfismála á næstunni. HN Markaðssamskipti hafa verið fengin í verkið með okkur og koma þeir til með að sjá um allt efni sem við gefum út, setja upp facebook síðu, fræðslufni, aðstoða með greinarskrif o.fl. í tengslum við verkefnið.

STRANDHREINSUN – VERKEFNI 1

Þann 5. maí næstkomandi er Norræni strandhreinsunardagurinn og viljum við gjarnan að Sunnlendingar verði áberandi þátttakendur í þeim degi. Hvetjum við öll sveitarfélög sem liggja að sjó að skipuleggja strandhreinsun í sínu sveitarfélagi þennan dag (eða sunnudaginn 6. maí – jafnvel viku síðar). HN markaðssamskipti munu síðan skrifa greinar um viðburðina sem haldnir voru, hversu mikið safnaðist osfr. og því mikilvægt að sem flest sveitarfélög taki þátt í viðburðinum.

Þau sveitarfélög sem ekki liggja að sjó gætu t.d. skipulagt hreinsun í kringum vötn eða aðra hreinsun.

Það sem þarf til er:

- Ákveða hvaða hluta strandar skal hreinsa, t.d. 10-20 km svæði sem þið teljið kalla á hreinsun. Ekki ætla sér um of, frekar hugsa þetta sem verkefni sem er endurtekið t.d. tvisvar á ári.
- Fá leyfi allra landeiganda að ströndinni
- Pokar til að safna rusli í (ekki verra að redda gömlum strigapokum, taupokum eða álíka sem rifna síður af ruslinu sem safnast í þá og hægt að endur nýta endalaust eftir að ruslið hefur verið flokkað (mest allt plast sem safnast))
- Bílar/græjur til að sækja rusl t.d. frá áhaldahúsum sveitarfélaganna, tæki í eigu búnaðarféлага og/eða annara félagasamtaka. Huga þarf að þáttum sem snúa að öllu þessu ferli. Hér er átt við allt frá því að hafa til taks ökutæki/kerrur/vagna sem hirða pokana/ruslið og mætti t.d. hvetja bændur og/eða aðra eigendur slíkra tækja til þátttöku.
- Auglýsa viðburð t.d. á facebook síðum sveitarfélaganna - ofl.

- Mannskapur
- ATH. með gáma hjá þeim gámafélögum sem sveitarfélagið er með samning við – Íslenska Gámafélagið hefur t.d. útvegað gáma í strandhreinsun hér á Höfn.
- Lagt er til að ruslið verði vigtað til samanburðar og til þess að gera sett fram tölulegar uppl um afrakstur. Gámafélög sem útvega gáma í verkefni geta séð um að vigta. Niðurstöður ættu svo að vera skráðar inná www.hreinsumisland.is (Reynum að setja fullt af punktum um strandhreinsun á Suðurlandið – Einnig má merkja aðra hreinsun og PLOKK allt árið um kring)
- Athuga samstarf við skóla, íþróttafélög, björgunarsveitir, kvennfélög o.s.fr.
- Góða skapið

SAMFÉLAGSMIÐLAR

#umhverfissuðurland

#hreinsumisland

#strandhreinsun

Það er virkilega gefandi að taka þátt í strandhreinsun og hvetjum við sveitarfélögin eindregið til að skella sér í þetta verkefni.

Við minnum á ráðgjafa á vegum SASS: www.sass.is/radgjof

Með von um jákvæð svör

Verkefnastjórn Umhverfis Suðurland

Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir

Ingunn Jónsdóttir

Guðlaug Ósk Svansdóttir

Þórður Freyr Sigurðsson

